

Fimmtudaginn 13. júní 1996.

Nr. 189/1995.

Sigurður S. Hákonarson

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

gegn

Slippfélaginu í Reykjavík hf.

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Víxilmál. Varnir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1995 og gerir þær kröfur aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en auk þess, að stefnda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms og heimvísun málsins er á því reist, að héraðsdómari hafi ekki tekið afstöðu til málsástæðu, sem áfrýjandi hélt fram við aðalmeðferð í héraði, þess efnis, að réttur stefnda samkvæmt þeim víxli, sem nánar er getið hér á eftir, hafi verið fallinn niður, þegar hann var sýndur til greiðslu, enda hafi víxillinn í raun verið gefinn út 1993, en ekki 1994.

Í hinum áfrýjaða dómi er skýrlega á því byggt, að víxillinn hafi verið gefinn út 3. ágúst 1994. Hefur héraðsdómari þar með tekið afstöðu til framangreindrar málsástæðu áfrýjanda, þótt sérstakar röksemdir séu ekki færðar fyrir henni. Eru því ekki næg efni til að taka kröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun til greina.

II.

Dómkrafa stefnda er reist á víxli, að fjárhæð 2.115.100 krónur, út gefnum af áfrýjanda 3. ágúst 1994 og samþykktum af Ragnheiði Magnúsdóttur til greiðslu við sýningu. Víxillinn, sem er framseldur eyðuframsali af útgefanda, var sýndur til greiðslu og afsagður sökum greiðslufalls 19. ágúst 1994.

Aðilar eru sammála um, að víxillinn hafi verið afhentur stefnda til tryggingar greiðslu á vöruúttektum sonar áfrýjanda hjá honum. Einnig er óumdeilt, að víxillinn hafi verið ritaður að fullu að öðru leyti en því, að á hann hafi vantað víxilfjárhæð, útgáfudag og gjald-daga. Stefndi hafði því umboð til að fylla víxilin út. Hins vegar heldur áfrýjandi því fram, að stefndi hafi farið út fyrir umboðið, meðal annars með því að rita á hann hærri fjárhæð en heimilt var gagnvart sér. Því er einnig haldið fram, að með því, að samþykkj-andi víxilsins hafi látist 4. september 1993, hafi brostið forsendu fyrir víxilskuldbindingu áfrýjanda. Greindar mótbárur um efni umboðs stefnda og forsendur eru ekki meðal varna þeirra, sem heimilaðar eru í 118. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Komast mótbárurnar því ekki að í málinu, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla þeirra laga.

Svo sem áður er vikið að, reisir áfrýjandi jafnframt varnir á því, að tilgreindu ártali við útgáfudaginn 3. ágúst hafi verið breytt á víxl-inum úr 1993 í 1994. Samkvæmt því hafi víxilréttur verið fallinn nið-ur við sýningu víxilsins 19. ágúst 1994. Fyrir Hæstarétti er viður-kennt af hálfu stefnda, að við útfyllingu víxilsins hafi orðið misritun á ártalinu, sem hafi upphaflega verið 1993, en sú villa hafi verið leið-rétt samstundis. Bendir stefndi því til stuðnings meðal annars á, að samkvæmt gögnum málsins hafi sonur áfrýjanda tekið út vörur hjá sér í reikning allt fram á árið 1994. Fáir ekki staðist, að hann hefði notið slíks lánstrausts, ef stefndi hefði áður gefið út víxilin og fært sér þar með í nyt þá tryggingu, sem í honum fólst.

Áfrýjandi hefur ekki hnekkst þeirri staðhæfingu stefnda, að víxill-inn hafi í raun verið gefinn út 3. ágúst 1994, svo sem hann nú ber með sér. Breytingin, sem stefndi gerði á víxlinum, er, eins og hann kveður atvikum háttað, ekki andstæð 69. gr. laga nr. 93/1933, en með henni var ekki raskað neinu því, sem ritað var á víxlinum, þeg-ar áfrýjandi gaf hann út. Verður því að leggja til grundvallar, að víx-illinn hafi verið gefinn út 3. ágúst 1994. Víxillinn var sýndur til greiðslu og afsagður 19. ágúst 1994, eins og að framan greinir. Er því fallist á með héraðsdómara, að víxilréttur á hendur áfrýjanda sé ekki fyrndur, sbr. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 93/1933.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður niðurstaða héraðsdóms staðfest um annað en málskostnað. Við ákvörðun hans verður að

taka tillit til þess, að stefndi viðurkenndi fyrst undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti með yfirlýsingu 15. apríl 1996, að fyrrgreind breyting hefði verið gerð á vixli þeim, sem málið varðar. Er í því ljósi rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 17. mars 1995.

1. Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 22. 9. 1994. Það var dómtekið 13. þ. m.

Stefnandi er Slippfélagið í Reykjavík, kt. 600269-0549, Dugguvogi 4, Reykjavík.

Stefndi er Sigurður Snævar Hákonarson, kt. 131129-2549, Bergþórugötu 51, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.115.100 kr. og stimpilgjald 5.290 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.115.100 kr. frá 19. 8. 1994 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði stórlega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

2. Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt fram lögðum vixli, út gefnum og framseldum af stefnda í Reykjavík 3. 8. 1994 og samþykktum af Ragnheiði Magnúsdóttur til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, við sýningu. Vixillinn sé að fjárhæð 2.115.100 kr. og hafi verið sýndur lögum samkvæmt 19. 8. 1994. Þegar stefndi hafi ekki sinnt innheimtuaðgerðum stefnanda hafi hann sent málið í innheimtu til lögmanns síns, sem hafi ritað innheimtubréf 8. 3. 1994, en án árangurs, og því sé málsókn þessi nauðsynleg.

Stefnandi reisir kröfur sínar á reglum vixillaga nr. 93/1933, og rekur hann málið samkvæmt 17. kafla laga nr. 91/1991. Um dráttarvaxtakröfuna er vísað til 10. og 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

3. Stefnandi kveður vixilinn hafa verið gefinn út og afhentan í maí 1991, og hafi hann skrifað upp á hann fyrir son sinn sem tryggingarvixil vegna vöruúttekta hjá stefnanda. Vixillinn hafi verið eyðuvixill, þ. e. hvorki með útgáfudegi né gjalddaga og ekki heldur neinni fjárhæð.

Talið er með vísun til 10. gr. víxillaga, að í afhendingu víxils, án þess að hann sé að öllu leyti útfylltur, felist umboð handa víxilhafa til að fylla í eyðurnar.

Varnir stefnda lúta einkum að viðskiptum, sem liggja til grundvallar víxl-inum, m. a., að hann hafi verið útfylltur á annan hátt en um hafi verið samið, og komast að því marki ekki að, þar sem stefnandi hefur ekki samþykkt, að varnir umfram þær, sem getur í 118. gr. laga nr. 91/1991, fái komist að í málinu.

Að auki er því haldið fram af hálfu stefnda: 1) Að þegar stefna hafi verið birt, hafi ársfrestur til að koma fram víxilrétti á hendur útgefanda verið liðinn, sbr. 2. mgr. 70. gr. víxillaga. Á þessa vörn er ekki fallist. Útgáfudagur víxilsins er 3. 8. 1994 og gjalddagi við sýningu, sem var 19. ágúst 1994. 2) Að við andlát samþykkjanda 4. september 1993 hafi brostið forsendu fyrir skuldbindingu stefnda. Á þessa vörn er ekki fallist, enda eru skuldbindingar þeirra, sem taka á sig víxilskyldu, sjálfstæðar, sbr. 7. gr. víxillaga. 3) Þá segir í greinargerð, að af ljósriti víxilsins að dæma virðist dagsetningum hafa verið breytt. „Þegar undirritaður hefur skoðað frumrit hans, er áskilinn réttur til að hafa uppi varnir á þessum grundvelli“. Í munnlegum málflutningi krafðist lögmaður stefnda þess, að dómtöku yrði frestað, svo að sér gæfist tækifæri til að fá dómkvadda menn til að skoða ártal útgáfudags umstefnds víxils, sem hann taldi hafa verið breytt úr 1993 í 1994. Af hálfu stefnanda var frestun málsins mótmælt og málsástæðunni, sem krafan byggðist á, sem of seint fram kominni. Ákvörðun dómarans á grundvelli kröfunnar kom fram í því, að hann lýsti yfir dómtöku málsins, sbr. 1. mgr. 112. gr. og 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hefur lagt fram víxil, sem er í samræmi við lýsingu hans í stefnu. Víxillinn fullnægir formskilyrðum 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1933, og er stefnandi lögformlegur handhafi hans. Samkvæmt þessu og því, sem að framan greinir, er niðurstaða málsins sú, að kröfur stefnanda eru teknar til greina. Málskostnaður ákveðst 225.000 krónur.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Sigurður Snævar Hákonarson, greiði stefnanda, Slippfélaginu í Reykjavík, 2.120.390 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.115.100 krónum frá 19. ágúst 1994 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 225.000 krónur í málskostnað.